

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. apríl 2025 í máli nr. 147/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 30. október 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að fá að kaupa vöru í samræmi við auglýsingu sem varnaraðili sendi út. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfum, dags. 30. október og 27. nóvember 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar 27. nóvember 2024. Athugasemdir sóknaraðila bárust 28. sama mánaðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, skjáskot af auglýsingu varnaraðila og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 30. apríl 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að honum hafi borist tölvupóstur frá varnaraðila þar sem var auglýst gisting í tvær nætur á tilteknu hóteli með aðgengi að heitum pottum, morgunmat og þriggja rétta kvöldverði og rauðvínsflösku báða dagana fyrir aðeins 32.000 krónur. Þegar sóknaraðili hafi farið á heimasíðu varnaraðila hafi komið í ljós að auglýsingin var ekki rétt en þar var hægt að kaupa eina nótt fyrir 32.000 krónur en tvær fyrir 58.770 krónur. Sóknaraðili bendir á að ekki hafi verið um augljósa villu að ræða og gerir kröfu um að fá að kaupa tvö gjafabréf samkvæmt auglýsingu. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og bendir á að innsláttarvillu hafi verið að finna í tölvupósti frá varnaraðila. Á heimasíðu varnaraðila hafi verið að finna rétt verð. Þá vísar varnaraðili til þess að neðst í tölvupóstinum sé að finna fyrirvara um prentvillur, myndbrenslu eða uppseldar vörur.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Kærunefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/2019 taka lögin til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Með sölusamningi er átt við samning seljanda og neytanda um kaup á vöru gegn endurgjaldi, svo og hvers konar samninga sem varða bæði vörur og þjónustu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með þjónustusamningi er átt við samning þar sem seljandi veitir neytanda þjónustu eða skuldbindur sig til þess og neytandinn greiðir eða skuldbindur sig til að greiða verð hennar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. sama ákvæðis.

Sóknaraðili í málinu gerir kröfu um að geta keypt gjafabréf hjá varnaraðila á sama verði og var auglýst í tölvupósti sem sóknaraðila barst frá varnaraðila. Sóknaraðili hefur ekki pantað eða greitt fyrir auglýsta vöru en í kvörtun kemur fram að þegar vefsíða varnaraðila hafi verið skoðuð hafi komið í ljós að verð sem kom fram í tölvupósti miðaðist við eina nótt á hóteli en ekki tvær, líkt og auglýst komið hafði fram í umræddum tölvupósti. Líkt og mál þetta er vaxið þykir ljóst að enginn sölu- eða þjónustusamningur er til staðar á milli sóknaraðila og varnaraðila í skilningi laga nr. 81/2019. Ágreiningur máls þessa heyrir samkvæmt framangreindu ekki undir valdsvið kærunefndar vöru- og þjónustukaupa. Kvörtun sóknaraðila er því vísað fá kærunefndinni samkvæmt a. lið 1. mgr. 14. gr. laganna. Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

VI Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. c. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson